



11. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 5. maí 2000

Dagskrá:

1. Skipulagsmál.
2. Orlofsmál
3. Sambandstjórnarfundur
4. Skipan fulltrúa í stjórn Lífiðnar.
5. Alþýðutryggingar.
6. Kjaramál
7. Önnur mál.

Fundur settur kl. 12:00

1. Skipulagsmál ASÍ.

Gestur fundarins Grétar forseti ASÍ byrjaði á að óska rafiðnaðarmönnum til hamingju með þetta nýja húsnæði og sagði það ánægulegt að fá að sitja fyrsta miðstjórnarfundinn í nýjum húsakynnum.

Grétar Þorsteinsson og hans samstarfsmenn kynntu tillögur sínar um breytt ASÍ og lögðu fram drög að nýjum lögum fyrir ASÍ. Í umræðu eftir kynninguna kom fram að miðstjórnarnamenn RSÍ væru nokkuð sáttir við tillögurnar, en eftir væri að vinna í nánari útfærslu. Einnig komu fram hugmyndir um að hafa enn færri í hinni nýju miðstjórn ASÍ, til þess að mynda rúm fyrir enn meiri sameiningu verkalýðsfélaga en nú er.

2. Orlofsmál

Ákveðið að miðstjórn fari upp í Skoradal föstudaginn 26. maí og taki svo afstöðu á næsta miðstjórnarfundum um hvað eigi að gera við orlofshúsin.

Miklar umræður urðu síðan um hvort nota eigi punktafrádrátt vegna vetrarleigu, þar sem veruleg ásókn er í húsin frá félagsmönnum annarra verkalýðsfélaga og auðvelt sé að fá „lánuð“ nöfn RSÍ manna, einnig kom fram að umgengni og þrif á húsum hafi versnað verulega hin síðari misseri en líklegt er að það breytist til batnaðar ef það eru félagsmenn sem eru í húsunum. Orlofsnefnd var falið að koma með útfærðar tillögur.

Í Ölfusborgum eru framkvæmdir að komast á skrið, búið er að kaupa 32 potta fyrir svæðið. Þar sem þetta hefur dregist nokkuð, þá aðallega vegna mikilla snjóá í vor, er líklegt að taka verði hluta húsaanna úr leigu í júní.

Þá kom fram að heitt vatn hefur verið mjög takmarkað nú í vetur að Apavatni, bændur hafa lofað að leggja nýja leiðslu fyrir næsta vetur.

3. Sambandstjórnarfundur

Fresta varð sambandsstjórnarfundur sem halda átti 12. maí en þar sem dráttur hefur orðið á afhendingu Stórhöfða 31, hefur fundinum verið frestað til 27.maí.

4 Skipan fulltrúa í stjórn Lífiðnar.

Samþykkt var að framlengja skipanir Haraldar Jónssonar sem aðalmanns og Guðmundar Gunnarssonar sem varamanns.

5. Alþýðutryggingar

Undirbúningsfélagið hefur látið skoða málið frá öllum hliðum og skrifað bréf til verkafélagsmanna þar sem óskað var eftir afstöðu. Aðeins fjögur jákvæð svör komu og hefur því verið ákveðið að slíta félaginu á næsta aðalfundi.

6. Kjaramál.

Kjarasamningar milli RSÍ og Fjármálaráðuneytis eru í gangi, búið er að afla verkfallsheimilda og eftir um viku verða fundir þar sem verkfallsdagar verða ákveðnir ef ekkert gengur í samningunum.

Samningar sýningarmanna ganga mjög hægt, þar er búið að fá verkfallsheimild.

Samningar við Samtök verslunarinnar ganga ekkert, þeir bjóða bara VR útfærsluna, s.s. semja um ekki neitt.

Unnið er að því að fá samþykka nýja viðmiðun vegna samninga á Keflavíkurflugvelli.

7. Önnur mál

Ákveðið að Þór Ottesen fari á námskeið í Genfarskólanum.

Ómar Baldvinsson fer til Kiljava í boði Finnska rafiðnaðarsambandsins.

Formanni falið að vinna að kynningarefni fyrir RSÍ í tilefni 30 ára afmælis sambandsins

Fundi slitið kl. 15:00 Haukur Ágústsson